

## **232. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 19. ágúst 2005.**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara  
Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara  
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda  
Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors  
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Fjarverandi:

Ólafur Búi Gunnlaugsson framkvæmdastjóri  
Ögmundur Knútsson framkvæmdastjóri

Gestir: Björn Jóhannsson rekstrarstjóri

Kristján Kristjánsson prófessor kennaradeild  
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs  
Sigrún Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsinga- og gæðastjórnunarviðs

Rektor setti fund, bauð nýja fulltrúa velkomna og kynnti dagskrá.

### **1. Fundargerð 231. fundar**

Fundargerð síðasta fundar hefur verið samþykkt af fyrrverandi fulltrúum ráðsins.

### **2. Skipan háskólaráðs – kosning varaforseta og ritara**

Menntamálaráðherra hefur endurskipað Baldur Guðnason sem aðalfulltrúa og Guðbrand Sigurðsson sem varafulltrúa í háskólaráð til tveggja ára frá 1. júlí 2005 að telja. Kristján Sturluson nemandi í félagsvísinda- og lagadeild hefur verið kosinn aðalfulltrúi nemenda og Karl Guðni Hreinsson varafulltrúi til eins árs frá 1. ágúst. Kennarar kusu sína fulltrúa til næstu tveggja ára þann 18. maí sl. og voru það Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnkt og Anna Þóra Baldursdóttir lektor sem voru kosnar aðalfulltrúar kennara og Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Ingi Rúnar Eðvarðsson varafulltrúar. Fulltrúar kennara skipta með sér verkum varaforseta og ritara og var Anna Þóra valin varaforseti og Ingibjörg ritari og gildir sú skipan í eitt ár.

### **3. Rekstraryfirlit janúar – júlí 2005**

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – júlí. Rekstrarkostnaður er 564,3 m.kr. og er það á heildina litið í samræmi við rekstraráætlun að teknu tilliti til launahækkana. Rekstrarkostnaður kennsludeilda er 342,8 m.kr. sem er 4,5% yfir áætlun en sértekjur eru ófærðar í tveimur deildum.

### **4. Rekstraráætlun 2005**

Háskólaráð samþykkti á síðasta fundi sínum rekstraráætlun 2005. Úlfar gerði nýjum fulltrúum grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið við gerð áætlunarinnar og þeim sparnaðaraðgerðum sem gripið var til. Menntamálaráðuneyti hefur ekki brugðist formlega við beiðni háskólans um að komið verði til móts við fjárhagsvanda hans.

### **5. Nefnd um endurskoðun á starfsemi HA**

Á fundi háskólaráðs þann 24. júní sl. var samþykkt að skipa starfshóp um endurskoðun á starfsemi auðlindadeildar, upplýsingatæknideildar og félagsvísinda- og lagadeildar. Starfshópurinn tók til starfa í byrjun ágúst að loknum sumarleyfum.

### **6. Samþykktir fyrir einkahlutafélagið Þekkingarvörður**

Á hluthafafundi Frumkvöðlaseturs Norðurlands 28. júní sl. voru samþykktar hlutfjárbreytingar og nýjum hluthöfum, Samtökum iðnaðarins og Akureyrarbæ, boðin þátttaka í félaginu. Nýjar samþykktir fyrir einkahlutafélagið Þekkingarvörður ehf. voru samþykktar ásamt nafnabreytingu og heitir félagið hér eftir Þekkingarvörður ehf.

Háskólaráð samþykkti að gerast aðili að félaginu með fyrirvara um samþykki menntamálaráðuneytis.

**7. Innritun í háskólann 2005–2006**

Laufey Petrea Magnúsdóttir gerði grein fyrir innritun nýnema. Samþykktar voru 533 umsóknir nýnema og 127 hafnað. Nýnemar í auðlindadeild eru 33, félagsvísinda- og lagadeild 105, heilbrigðisdeild 117, kennaradeild 164 og viðskiptadeild 114. 90% nýnema eru með stúdentspróf eða sambærilega menntun. Heildarfjöldi nemenda er 1590 sem skiptist þannig að í auðlindadeild eru 107 nemendur, 263 í félagsvísinda- og lagadeild, 327 í heilbrigðisdeild, 560 í kennaradeild, 309 í viðskiptadeild og 24 í upplýsingatæknideild.

**8. Staða framkvæmda**

Björn Jóhannsson sagði 3. áfanga við uppbyggingu á Sólborgarsvæðinu væri að ljúka en hann hófst 2003 og hefur falist í endurbótum eldri húsa og lóðaframkvæmdum. Í sumar var bílaplan stækkað um 2500 m<sup>2</sup> og við það fjölgaði stæðum um 90. Lóðaframkvæmdir standa yfir vestan og norðan við Sólborgarhúsin. Unnið hefur verið að viðgerðum á þökum á A-húsi og á bókasafni.

Fyrirhugað er að 4. áfangi framkvæmda fari af stað á næsta ári en þar er um nýbyggingar að ræða sunnan við K og L hús. Búið er að gera frumhönnun og gerir áætlun ráð fyrir um 493 m.kr. þar af 56 m.kr. vegna lóðaframkvæmda. Stærð áfangans er 2030 m<sup>2</sup> húsnæði.

**9. Stofnanaúttekt IMG**

Fjallað var um drög að skýrslu vegna stofnanaúttektar 2005. Rektor sagði að verið væri að safna saman athugasemdum við drögin og óskaði eftir að háskólaráðsfulltrúar sendu sér athugasemdir ef þeir hefðu einhverjar.

**10. Dómnefndarálit**

Kristján Kristjánsson formaður dómnefndar HA gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi dr. Jóns Þ. Þórs sem prófessors við auðlindadeild. Staðan er ólaunuð og kennslu- og rannsóknaskylda er eftir samkomulagi. Háskólaráð samþykkti dómnefndarálitið.

**11. Rafræn skjalastjórn**

Sigrún Magnúsdóttir kynnti áfangaskýrslu starfshóps um rafræna skjalastjórn við HA. Starfshópurinn óskar eftir að tekin verði afstaða til hvort tekið verði upp rafrænt skjalastjórnarkerfi og hvaða hugbúnaður verði valinn. Hópurinn leitaði eftir tilboðum frá þremur aðilum og mælir með því að tilboði Hugvits um GoPro.net hópvinnukerfið verði tekið.

Háskólaráð samþykkti að komið yrði á fót rafrænu skjalastjórnarkerfi með þeim fyrirvara að starfsmannamál verði leyst innan ramma fjárveitinga. Jafnframt var samþykkt að taka tilboði Hugvits um hugbúnað.

**12. Skipun samstarfsnefndar**

Rektor lagði fram tillögu um að háskólaráð tilnefni eftirtalda fulltrúa í samstarfsnefnd HA: Hugrúnu Helgadóttur launafulltrúa, Ólaf Búa Gunnlaugsson framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar, Úlfar Hauksson forstöðumann fjármála og Ögmund Knúttsson framkvæmdastjóra starfspróunar og stefnumótunar.

Tillagan var samþykkt.

Félag háskólakennara á Akureyri á eftir að tilnefna sína fulltrúa. Rektor skipar síðan nefndina.

**13. Skipun umhverfisráðs**

Á fundi sínum 24. júní sl. samþykkti háskólaráð umhverfisstefnu HA og að skipað yrði þriggja manna umhverfisráð til tveggja ára í senn.

Rektor óskaði eftir að tillögur um fulltrúa berist fyrir næsta fund.

**14. Fundir á haustmisseri**

Fundir háskólaráðs á haustmisseri verða haldnir 23. september, 21. október, 18. nóvember og 9. desember. Fundirnir hefjast kl. 12:00.

**15. Önnur mál**

15.1 Á fundi sínum 27. maí sl. skipaði háskólaráð fulltrúa í stjórn RHA. Óskað hafði verið eftir tilnefningum deilda um aðalmenn og varamenn. Engin kona var tilnefnd af deildum sem aðalmaður í stjórn en fjórar sem varamenn. Til að gæta jafnréttis og í samræmi við jafnréttisáætlun háskólans samþykkti háskólaráð tillögu rektors um að snúa tilnefningum allra deildanna við þannig að varamenn voru skipaðir aðalmenn og öfugt. Óánægju hefur gætt með þessa tilhögun og ekki voru allir tilbúnir til að samþykka skipun sína í stjórnina.

Háskólaráð fól rektor að leita aftur eftir tilnefningu deilda og óska eftir að deildir tilnefni tvo fulltrúa karl og konu sem háskólaráð síðan skipi sem aðal- eða varamenn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:25.